

## Fundargerð

Mánudaginn 25. september 2006 kl. 12:00 kom stjórn Nausts saman til fundar í fundarstofu Langanesbyggðar að Fjarðarvegi 3 á Þórshöfn.

Mætt voru: Jóhannes Sigfússon, Siggeir Stefánsson, Borghildur Björg Þóroddsdóttir Björn Ingimarsson, Hrefna Marinósdóttir og Sif Bjarklind Ólafsdóttir sem kom inn á fundinn kl. 12:30.

### Dagskrá.

Ráðning forstöðukonu að Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Nausti.

Björn Ingimarsson gerði grein fyrir málinu og lagði til að Sif Bjarklind Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur yrði ráðin í 60% starf og Hrefna Marinósdóttir í 40% starf. Samningar yrðu í samræmi við kjarasamninga Launaneftdar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags að því viðbættu að til kæmu ákveðin húsnæðis- og flutningshlunnindi varðandi Sif en Heilbrigðisstofnun Þingeyinga tæki þátt í þeim kostnaði sem af því hlytist. Samþykkt samhljóða.

### *Staða mála á Nausti.*

Hrefna Marinósdóttir gerði grein fyrir stöðu mála og kom m.a. fram að heimilið væri nú nánast fullskipað. Einnig kom fram að líklega er komið að því kaupa nýjan þurrkara í þvottahús heimilisins. Samþykkt að skoða kaup á nýjum þurrkara sem uppfyllir kröfur þess.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:49.

Björn Ingimarsson, ritari.